

Háskóli Íslands líf- og umhverfisvísindastofnun
Askja, Sturlugata 7
102 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2021
UST202108-003/Þ.V.B.
09.05.01

Umsókn um leyfi til rannsókna - Geysir - maurar á háhitasvæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Háskóla Íslands líf- og umhverfisvísindastofnunar, dagsett 10. ágúst 2021, um leyfi til rannsókna á maurum innan Geysissvæðisins.

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 660/2020. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnum loftföllum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og rannsóknir á menningarminjum svæðisins sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að kortleggja staðsetningu og fjölda maura innan Geysissvæðisins. Jafnframt verða skoðaðir hvaða umhverfisþættir geti haft áhrif á fjölda maura og hvort þeir finnist á svæðinu. Settir verða upp rannsóknarreitir 9 x 9 metra stórir á 4 stöðum innan svæðisins, við Óþerrishölu, norðan Strokks, í skógarjaðri við litla Geysi og brekkuni norðan við Geysi. Mosa og gróðri verður lyft með höndum og garðskóflu, ef þarf, til að kanna hvort maurar finnist í jarðveginum. Gengið verður frá svæðinu eins og komið var að því. Tekin verða 9 sýni í hverjum reit, 2-5 maurar per sýni og bú ef finnast. Stefnt er að því að rannsókninn muni taka 2 vikur í lok ágúst 2021 og koma 3 þáttakendur að henni. Nánari útlistun á reitakerfinu sem notað verður við sýnatöku og hvernig staðið verður að mælingum og athugunum á umhverfisþáttum fylgdi með umsókn.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins, verndargildi eða gesti þess sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Háskóla Íslands líf og umhverfisstofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum á maurum innan Geysissvæðisins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 15.-31. ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þáttakendum í verkefninu þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær athuganir fara fram á svæðinu með að minnsta kosti sólahrings fyrirvara og þegar því líkur.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er utan afmarkaðra göngustíga á svæðinu eins og kostur er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis sem raskað verður skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg öðrum gestum og afmá ummerki um hana að sýnatöku lokinni.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi gæti þurft frá Orkustofnun fyrir rannsókninni þar sem hún fer fram á jarðhitasvæði.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur